

Borgarstjórn
15. janúar 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um breytingar á innkaupráði Reykjavíkur

Borgarstjórn samþykkir að endurnefna innkaupráð eftirlits- og innkaupráð Reykjavíkurborgar í þeirri viðleitni að auka vægi eftirlitshlutverks ráðsins. Jafnframt er lagt til að kjörnum fulltrúum verði fjölgað úr þremur í fimm. Þannig er lögð til svofelld breytingu á 1. málsgrein 5. greinar samþykktar fyrir innkauparáð Reykjavíkurborgar.

Núverandi málsgrein hljóðar svo:

Ráðið er svo skipað að í því eiga sæti 3 fulltrúar, kosnir af borgarstjórn, og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil innkauparáðs er hið sama og borgarstjórnar.

Eftir breytinguna hljóði hún svo:

Ráðið er svo skipað að í því eiga sæti 5 fulltrúar, kosnir af borgarstjórn, og jafnmargir til vara. Borgarstjórn kýs formann, en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil eftirlits- og innkauparáðs er hið sama og borgarstjórnar.

Enn fremur er lagt til að bætt verði við samþykktir innkauparáðs að tveir fulltrúar ráðsins geti vísað málum á borði eftirlits- og innkauparáðs til innri endurskoðunar til skoðunar.

Aðrar samþykktir Reykjavíkurborgar breytast að breyttu breytanda eftir því sem þörf þykir.

Ekki eru lagðar til aðrar breytingar á samþykktum ráðsins að sinni.

Greinargerð:

Mikilvægt er að endurskoða samþykktir innkauparáðs Reykjavíkurborgar. Ljóst er að innkauparáð hefur ekki hlotið áheyrn embættismanna og borgarráðs, sem það heyrir jafnframt undir. Þess vegna er augljóst að auka þarf eftirlitshlutverk og valdsvið innkauparáðs. Það verður m.a. gert með því að valdefla ráðsmenn með því að tveir af fimm fulltrúum hafi heimild til að vísa málum til innri endurskoðunar.

Innkauparáð gegnir mikilvægu eftirlitshlutverki og verkefnin sem ráðinu eru falin eru oft á tíðum flókin og viðamikil. Í þeim tilgangi að styrkja ráðið í störfum sínum og auðvelda því eftirlitshlutverk sitt er lagt til að kjörnum fulltrúum verði fjölgað í ráðinu úr þremur í fimm. Eru þessar aðgerðir hugsaðar sem fyrsta skref í að styrkja innkauparáðið og auka vægi þess enda gegnir ráðið m.a. mikilvægu eftirlitshlutverki.